

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – 131. fundur 20. janúar 2012, kl 13:30.

Mætt: Elliði Vignisson formaður, Helga Björk Ólafsdóttir, Íris Róbertsdóttir, Gunnar Friðfinnsson, Tómas Jóhannesson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Formaður setti fund og fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

1. Skólastarfið: Skólameistari dreifði skýrslu um skólastarfið á nýliðinni haustönn, sem var hefbundið að mestu. Nemendur voru þó heldur færri en undanfarin ár, aðallega vegna færri hausa í þeim árgangi sem kom úr grunnskólanum. Nýjungar í starfinu á önninni tengjast helst heilsueflingu og forvörnum. Skólinn varð í haust aðili að átakinu “Heilsueflandi framhaldsskóli”, sem stendur næstu fjögur ár. Við fengum einnig heimsóknir með fyrirlestra um kynfræðslu fyrir nýnema, forvarnir varðandi fíkniefni fyrir nemendur og starfsmenn og boðið var uppá flensusprautu, ásamt mælingum á blóðsykri og blóðþrýstingi fyrir starfsfólk. Skólinn hefur einnig eignast hjartastuðtæki, sem vonandi þarf ekki að nota. Íþróttakademían hélt áfram og nemendur skólans kepptu í ýmsu, td. olíuleit í sýndarveruleika, lausn þrauta þar sem hugsa þarf út fyrir ramman og fleiru. Haustönnin hófst 22. ágúst og lauk 17. desember með útskrift fimmtán stúdenta og fimm með önnur próf. Brottfall (miðað við einingar) var 10,6%, sem er of mikið. Hugsanlega tengist þetta mikilli vinnu sem nemendum stendur til boða í frystingu makríls og annara uppsjávarfiska.

Tölverð umræða varð á fundinum, um röðun nýnema í hraðferð (103), sérstaklega í staðerðfræði, vegna þess að margir nemendur grunnskólans koma með háar einkunnir, án þess að þeim fylgi upplýsingar um að þau hafa ekki lokið öllu námsefni 10. bekkjar. Viðræður standa yfir milli skólanna um að nánari upplýsingar fylgi nemendum framvegis.

2. Fjármál: Fyrir lá samantekið yfirlit um rekstur 2011. Langstærsti útgjaldaliður voru laun og launatengd gjöld, tæplega 174 milljónir (79%) af rúmlega 221 milljóna rekstrarkostnaði. Aðrir stórir liðir eru húsnaði 29 millj. (húsaleiga 27,6 og orkugjöld) og þjónusta 8,8 millj. (sérfræðibjónusta, tölvu og kerfisfræðibjónusta, póstur og sími og ýmis leigugjöld). Sértekjur á árinu voru 11,6 millj. og þar munar um 3 milljónir sem útvegsmenn í Eyjum gáfu til kaupa á nýjum og fullkomnum vélarúmshermi, sem komin er í notkun. Niðurstaða ársins er halli uppá 7 milljónir, þannig að uppsafnaður rekstrarafgangur er nú 1,2 milljónir, en hann var í ársbyrjun 8,3 milljónir. Endanlegur ársreikningur er í vinnslu hjá Fjársýslu ríkisins.

Rekstraráætlun fyrir árið 2012 hljóðar uppá nánast sömu tölu og síðasta ár. Launakostnaður hækkar í 182 milljónir, en ýmsir aðrir liðir lækka. Samið hefur verið um svoltíð lægri húsaleigu, verktaki í tölvu og kerfisfræði verður ráðinn í fast starf og færst því inn í launaliðinn og skólinn er að innleiða frjálsan hugbúnað sem ekki kostar nema brot af þeim leigugjöldum sem við höfum greitt fyrir hugbúnað hingað til. Við förum varlega í tekjuáætlun og eignakaup, en niðurstaða áætlunar er halli uppá 2 milljónir. Við stefnum samt á hallalausan rekstur á árinu 2012, meðal annars með meiri tekjuöflun og minni eignakaupum en áætlunin sýnir.

3. Hvað er framundan: Vorönnin 2012 fór af stað með enn færri nemendur en voru í haust eða 230, en á fyrstu tveimur vikum fjölgaði nokkuð þannig að nú eru 254 skráðir. Framundan eru opnir dagar og árshátíð um mánaðarmót feb/mars og leikhúsferð starfsfólks helgina eftir. Unnið er að ársskýrslu og sjálfssmatsskýrslu fyrir liðið ár. Samstarf við Menntaskólann á Ísafirði, Fjölbautaskólann á Sauðárkróki og Verkmenntaskóla Austurlands, heldur áfram og nú eru fulltrúar skólana að vinna við nýja námsbraut, sem lýkur með framhaldsskólaprófi eftir tveggja ára nám (eða samsvarandi) og þá geta nemendur útskrifast formlega eða haldið áfram í öðru námi.

Fleira var ekki gert

Ólafur H. Sigurjónsson

Samþykkt 23. maí 2012

Ólafur H. Sigurjónsson